



Fornleifaskrá Reykjanesbæjar



Sandra Sif Einarsdóttir
Bjarni F. Einarsson
2008

Forsíðumyndin sýnir bæjarrústir Kotvogs í Höfnum (1:1-14 í
fornleifaskrá). Ljós. SSE.

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008

Útgefandi: Fornleifafræðistofan

Útgáfustaður: Reykjavík

Unnið fyrir Reykjanesbæ

ISBN 978-9979-9865-2-2

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Aðferð og takmörk	4
3	Lögin og tilgangurinn	4
4	Af hverju fornleifaskráning?	6
5	Staðardagskrá 21 - sjálfbær þróun	8
6	Sögulegt yfirlit	9
7	Helstu minjasvæði	13
	– <i>Hafnir og Innri Njarðvík</i>	13
	– <i>Merkines</i>	14
	– <i>Eyðibýlin norðan við Hafnaberg</i>	14
	– <i>Vogur</i>	17
	– <i>Fornleiðir</i>	20
	– <i>Strandlínan og minjar sem snúa að sjósókn</i>	20
	– <i>Sel og selstöður</i>	23
	– <i>Kotvogur</i>	25
8	Tillögur að friðlýsingum	25
9	Niðurstöður	26
10	Heimildir	28
11	Loftmyndir	30
12	Fornleifaskrá	47

1 Inngangur

Vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Reykjanesbæjar var ráðist í fornleifaskráningu á þeim rústum sem til eru og kynnu að leynast á landi hans. Undirrituð sáu um alla vinnu skráningarinnar svo sem heimildaöflun, vettvangsvinnu og úrvinnslu, ásamt Sindra Ellertssyni Csillag. Tengiliður á milli Fornleifafræðistofunnar og Reykjanesbæjar var Helga Bragadóttir, arkitekt hjá Kanon arkitektum.

Fornleifaskráningin var framkvæmd í nokkrum áföngum. Undirbúningsvinna hófst í byrjun október 2002 og sjálf skráningin hófst í lok sama mánaðar og stóð til ágústs 2003. Í þeim áfanga var að mestu lokið við að skrá svæðið frá Höfnum út á Reykjanes, og þar með umfangsmesta hluta skráningarinnar. Þegar yfir lauk kom í ljósað 72 % allra fornleifa í Reykjanesbæ er að finna á Reykjanesi, þ.e.a.s umhverfis Hafnir og suður úr í átt að Valahnjúk. Lítillega var unnið við skráningu vorið 2004, en skráning hófst ekki af krafti á ný fyrr en í janúar 2008. Lokið var við vettvangsvinnu í maí 2008. Vettvangsvinnan fól að mestu í sér endurmælingar á GPS-hnitum, en nú var stuðst við Isn 93 kerfið í stað WGS 84 áður. Þá var einnig lokið við skráningu í Innri – og Ytri – Njarðvík og Keflavík.

Nákvæma staðsetningu fornleifanna er að finna á stafrænum loftmyndum sem geymdar verða hjá Reykjanesbæ og Fornleifafræðistofunni. Ekki voru til lágflugsmýndir af öllum svæðunum og því fer nákvæmni staðsetningar eftir gæðum loftmyndarinnar. Staðsetning seljarústa er ekki sýnd á loftmyndum í þessari skýrslu vegna skorts á viðmiðunum. Vísað er í almenn kort þar sem staðsetning er sýnd á viðunandi hátt og einnig eru GPS punktar í fornleifaskrá býsna nákvæmir. Eins voru ekki allar vörður færðar inn á loftmyndirnar, en Reykjanesbær er sérstaklega ríkur af þeim. Þetta á við um vörður sem eru hluti af fornleiðum eins og Prestastíg og Skipsstíg, enda eru vörðurnar ætíð mjög nálægt leiðunum og hafa sama aðalnúmer og þær. Í nokkrum undantekningartilfellum hafa vörður við fornleiðir annað aðalnúmer en fornleiðirnar og þá eru þær syndar á loftmynd. Alls voru skráðar 407 vörður í landi hans. Nokkrar eyður eru í númeraröðinni í lok fornleifaskrárinnar, en þau númer verða væntanlega notuð síðar.

Margir hafa veitt ýmsa aðstoð svo sem fólk á förnum vegi og starfsmenn Reykjanesbæjar, bæði fyrrverandi og núverandi. Sérstaklega viljum við þakka Sigrúnu Ástu Jónsdóttur forstöðumanni Byggðasafns Reykjanesbæjar fyrir liðlegheit og góða liðveislu.

2 Aðferð og takmörk

Byrjað var á því að fara í gegnum helstu heimildir um Keflavík, Njarðvík og Hafnir, svo sem örnefnaskrár, túnakort, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, *Sögu Keflavíkur I – III*, *Sögu Njarðvíkur* og *Hafnir á Reykjanesi*, sem og aðrar bækur sem gátu gefið vísbendingar um fornleifar. Slík könnun á heimildum getur aldrei orðið tæmandi enda sjálf fornleifaskráningin ekki endanleg. Ekki er víst að hugtakið fornleifar muni standa óbreytt um aldur og ævi. Má t.d. benda á herminjar sem eru mjög áberandi í landi Reykjanesbæjar og eru lögum samkvæmt eru ekki fornleifar í dag, en verða það eftir 40 ár eða svom verði *Þjóðminjalögum* ekki breytt. Sama á við um kartöflugarða sem finna má í tugum við Hafnir. Einnig geta fornleifar leynst undir sverðinum þó yfirborðið gefi engar vísbendingar.

Nær allt land Reykjanesbæjar var kannað á vettvangi. Á Hafnaheiði háttar þannig til að nær ógjörningur er að kanna svæðið til fullnustu. Það var þó reynt eftir bestu getu, en heimildir um svæðið gefa ekki til kynna að þar kunni að leynast fornleifar aðrar en þær sem nú eru skráðar. Allar fornleifar voru skráðar til fulls, ljósmyndaðar á stafrænan hátt og teiknaðar þegar við átti. Einnig voru þær GPS mældar með staðsetningartæki og færðar inn á stafrænar loftljósmyndir.

Hver staður fékk eitt aðalnúmer, einstakar fornleifar á hverjum stað, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer undir viðkomandi aðalnúmeri. Meginreglan var sú að ef 50 m eða meira voru á milli fornleifa fengu þær sitthvort aðalnúmerið. Þetta var þó ekki einhlítt ef sýnt var að fornleifarnar tilheyrðu sömu heildinni svo sem sama bæjarstaðinu eða voru beinlínis á sama staðnum eins og t.d. í kringum bæjarhóla Kirkjuhafnar og Kotvogs, en sá síðarnefndi fékk eitt aðalnúmer en 14 undirnúmer (fornleifar nr. 1:1-14).

3 Lögin og tilgangurinn

Fornleifar eru hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, eða staðir sem tengjast m.a. þjóðtrú, venjum og siðum þó engin séu mannaverkin á þeim. Þetta eru t.d. staðir eins og álfhólar eða álagablettir. Minjar eldri en 100 ára eru taldar til fornleifa. Heimilt er að friðlýsa yngri minjar (*Þjóðminjalög 2001*, 9. og 11 gr.).

Allar fornleifar eru friðaðar samkvæmt *Þjóðminjalögum* og sumar þeirra eru friðlýstar. Munurinn þar á er fyrst og fremst sá að friðlýstum fornleifum fylgir 20 m

friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Sú hefð hefur þó skapast að öllum fornleifum fylgi sambærilegt svæði í kring sem ekki þykir ráðlegt að raska. Jafnvel ófundnar fornleifar eru friðaðar (11. gr.). Komi slíkar minjar í ljós við framkvæmdir ber að stöðva verkið og tilkynna Fornleifavernd ríkisins, sem úrskurðar svo hvort halda megi verkinu áfram og með hvaða skilmálum (12. gr.)

Samkvæmt 9. grein laganna teljast til fornleifa:

- ...hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
 - a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
 - b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
 - c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
 - d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
 - e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
 - f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
 - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
 - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
 - i. skipsflök eða hlutar úr þeim (*Þjóðminjalög 2001*, 9. gr.).

Enginn má spilla fornleifum, granda þeim né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins (10. gr.). Hver sá sem verður var við að fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða þeim er spillt af mönnum er skylt að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart (12. gr.).

Ef aðilar telja sig þurfa að raska eða fjarlægja fornleifar vegna framkvæmda skulu þeir sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins áður en hafist er handa um verkið. Fornleifavernd ákveður hvort og hvenær framkvæmdir megi hefjast og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir ber sá sem fyrir þeim stendur kostnað af nauðsynlegum rannsóknum (14. gr.).

Í 11. gr. laganna segir að skylt sé að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna. Í skipulagslögum segir í 9. gr. að landið allt sé skipulagsskylt (*Skipulags- og byggingalög 1997*). Markmið laganna er m.a. að tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu,

með sjálfbæra þróun að leiðarljósi (1. gr.). Um sjálfbæra þróun á sviði minjavörslu og fornleifa verður fjallað hér að aftan.

Í grein 4.20.1 um þjóðminjaverndarsvæði¹ í *Skipulagsreglugerð* nr. 400/1998 segir: „Skylt er að fram fari fornleifaskráning áður en gengið er frá skipulagi, sbr. gr. 3.2. Fornleifaskráning skal taka mið af þeirri nákvæmni sem skipulag er unnið með og frekari skráning eftir atvikum fara fram í tengslum við gerð deiliskipulags þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð“ (*Skipulagsreglugerð* nr. 400/1998, gr. 4.20).

Í *Lögum um mat á umhverfisáhrifum* segir í 3. viðauka varðandi staðsetningu framkvæmdar að athuga þurfi „hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, einkum með tilliti til m.a.:

iii. verndarsvæða:

...

(c) svæða innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum,

...

(h) svæða sem hafa sögulegt, menningarlegt eða fornleifafræðilegt gildi“ (*Lög um mat á umhverfisáhrifum*, 3. viðauki).

Ástæðurnar fyrir því að fornleifar eru verndaðar svo vel í lagaumhverfinu eru menningarlegar og pólitískar. Ímynd einstaklinga, sveitarfélaga og þjóða eru mótaðar af fortíð þeirra. Skilningur á því hvaðan við komum er hverri þjóð nauðsynlegur, því til þess að vita hvert hún stefnir, þarf hún að vita hvaðan hún kom.

4 Af hverju fornleifaskráning?

Hér að ofan er vitnað í 11 gr. *Þjóðminjalaga* þar sem greint er frá skyldum landeigenda sem lúta að fornleifaskráningu. Rökin á bak við mikilvægi þessa eru kannski ekki á allra vitorði. Innan fræðanna er umhverfi sem mótað hefur verið af fólki kallað menningarlandslag. Þar er átt við verksummerki fólks á umhverfinu sínu í samband við náttúruna. Menningarlandslagið er samansett af stöðum sem

¹Í sömu reglugerð eru þjóðminjaverndunarsvæði skilgreind á eftirfarandi hátt: „Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum.“ Einnig segir: Í svæðis- og aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir þjóðminjum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð, í samræmi við ákvæði þjóðminjalaga“ (*Skipulagsreglugerð* nr. 400/1998, gr. 4.20).

manneskjan hefur sett mark sitt á, t.d. stöðum sem tengjast sérstökum atburðum eða trú, eins og t.a.m. álfhólum. Eins eru örnefni hluti af menningarlandslagi.

Í greininni „Minjavernd er umhverfisvernd“ er fjallað um mikilvægi þess að þekkja umhverfi sitt í ljósi sögunnar og menningarlegan þátt þess. Um menningarlandslag segir: „Menningarlandslagið er mikilvægara fyrir sjálfsvitund einstaklinganna en hið náttúrulega umhverfi vegna þess að þeir eru beinir þátttakendur í sköpun menningarlandslagsins og þeir hafa fyllt það af minningum sem tengjast forfeðrunum, þeim sjálfum og sögunni. Þeir eru hluti af menningarlandslaginu“ (Bjarni F. Einarsson, 2007, bls. 7).

Íslendingar eru stolt þjóð. Stoltir af fortíð sinni og sögunum. Í nokkurri andstæðu við þetta stolt er svo sýn okkar á fornleifar landsins. Rústirnar okkar eru ekki kastalar, pýramídar eða virki - heldur eru þær lítil hús úr tiltölulega endingarlitlu efni. Þessi sýn endurspeglast svo að vissu marki í þeim fornleifarannsóknum sem framkvæmdar hafa verið hérlandis. Þar liggur áherslan á víkingaöld, kirkjusögu og stórbýli. Saga kotbænda og þurrabúða hefur orðið þar útundan, en þær segja síður en svo ómerkari sögu. Þetta er þó að breytast á síðustu árum.



Mynd 1. Hunangshellan (6:1 í fornleifaskrá) við Ósabotna. Þjóðsagan segir að þarna hafi finngálkn sem herjað hafi á sauðfé sveitarinnar verið skotið með silfurhnapp. (Ljós. SSE).

Rústir líkt og verbúðir, varir og fiskibyrgi eru áberandi á Suðurnesjum og eru vitnisburður um fortíð Suðurnesjafólks, þær sýna hvaða auðlind hefur verið þeim mikilvægust í gegnum tíðina og eru ummerki athafna liðinna kynslóða. Nútíminn

skammast sín oft fyrir hið liðna – fátæktina, erfiðnið og þuðið. Bjarni F. Einarsson segir í grein sinni „Um fornleifaskráningu á Íslandi, upphaf og ástæður“ frá gamalli bóndakonu sem hann heimsótti við fornleifaskráningu. Bjarni ræddi við hana um torfbæ sem stóð á hlaðinu hjá henni, en bærinn hafði verið yfirgefinn fyrir nýtt steinhús.

Gömlu konunni var fyrirmanað að skilja þennan áhuga minn á gamla bænum og varnaði mér meira að segja inngöngu þegar ég sýndi tilburði í þá áttina. Hins vegar var ég meira en velkomin að skoða nýja bæinn og jafnvel þiggja kafftár og meira til, eins og tíðkast á landsbyggðinni. Gamli bærinn var aðeins minning um kulda og vösbúð, eilífa vinnu og lítil laun og gamla konan vildi alls ekki leyfa mér að eiga nokkra hlutdeild í slíkri minningu „Hvað gæti hann haldið um slíka konu?“ hugsaði hún ef til vill“ (Bjarni F. Einarsson, 1996, bls. 12).

Þessu viðhorfi segir Bjarni megi ekki gera lítið úr, en verði þó jafnframt að breyta. Viðhorf þessarar gömlu konu er að finna víða og í framkvæmdagleði síðustu ára hafa sjónarmið um að varðveita minningar og minjar fortíðarinnar orðið svolítið undir. Þetta er þó einnig að breytast.

Þær upplýsingar sem er að finna í fornleifum er hvergi annars staðar að finna. Handritin og safngripirnir hafa þær ekki að geyma. Rústirnar geyma sögu persónanna sem hér lifðu, brot úr daglegu amstri þeirra og hvernig þeim tókst að komast af á harðbýlum stöðum. Hvað var í matinn, hvar sváfu þau og hvernig var útsýnið út um dyrnar hjá þeim? Í rústum var og er upprunalegt samhengi gripa falið, t.d. gripa sem við skoðum á söfnum, og ef þetta samhengi er glatað eða er óþekkt segja þeir okkur mun minna en ella. Eins og Bjarni segir: „Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, voru þessar rústir hluti af tilverunni og veruleikanum og þess vegna eru þær mikilvægar fyrir þjóðina, sögu hennar og ímynd. Ef hún eyðir þeim, eyðir hún hluta af sjálfri sér“ (Bjarni F. Einarsson, 2007, bls. 7).

Til þess að vernda fornleifarnar okkar og fortíðina þurfum við að hafa sem mestar upplýsingar um hvað af þeim er til og hvar þær er að finna. Fornleifaskráning er ódýrasta og besta aðferðin sem við höfum til þess að framkvæma þetta í dag.

5 Staðardagskrá 21 - sjálfbær þróun

Staðardagskrá 21 (Local Agenda 21) er áætlun sem öllum sveitarstjórnnum heimsins er ætlað að gera í samræmi við ályktun Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem gerð var í Ríó de Janeiro árið 1992 (Dagskrá 21 (e. *Agenda 21*)). Um er að ræða áætlun um þau verk sem vinna þarf í hverju samfélagi um sig til að nálgast markmiðið um sjálfbæra þróun.

Sjálfbær þróun er einmitt lykilhugtak í Staðardagskrá 21. Hugtakið var þýtt á íslensku á eftirfarandi hátt: „Sjálfbær þróun er þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum“ (Gro Harlem Bruntland, 1990).

Þann 12. mars 1998 var undirritaður samstarfssamningur milli utanríkisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um 18 mánaða verkefni sem miðaði að gerð umhverfisáætlana í sveitarfélögum – Staðardagskrá 21. Síðan hefur sá samningurinn verið framlengdur nokkrum sinnum og nú síðast 15. febrúar 2007. Hluti af markmiðum Reykjanesbæjar árið 2001 fyrir Staðardagskrá 21 eru:

- Halda áfram skráningu fornminja
- Vernda mikilvægar búsetuminjar
- Stunda rannsóknir á menningarsögu og kynna þær almenningi

(*Reykjanesbær*, 2001).

Ítarleg fornleifaskráning er grundvöllur sjálfbærar þróunar fornleifa. Góð þekking á þeim fornleifum sem til eru í bæjarlandinu er nauðsynleg þess að hægt sé að taka ákvarðanir um örlög fornleifa þegar ráðist er í framkvæmdir sem ógna þeim á nokkurn hátt. Er rústin einstök á svæðinu, góður fulltrúi þeirra fornleifa sem eru dæmigerðar fyrir svæðið eða er hún ein af mýmörgum áþekktum rústum? Allt þetta verður að vita áður en ákvörðun um framhaldið er tekið og sú vitneskja fæst með fornleifaskráningu.

6 Sögulegt yfirlit

Elstu þekktu byggð í Reykjanesbæ, og þar með elsta heimildin, er að finna í Höfnum, en landnámsskáli fannst þar austan við Kirkjuvogskirkju haustið 2002 (Bjarni F. Einarsson 2004). Svæðisins er getið í *Landnámabók* og þar segir: „Herjólfur hét maðr Bárðarson, Herjólfssonar, frændi Ingólfs landnámamanns. Þeim Herjólfur gaf Ingólfur land á milli Vágs og Reykjaness“ (*Íslensk fornrit I*, 1968a, bls. 132).

Lítið er vitað um byggðina á Suðurnesjum frá landnámi og fram yfir miðaldir, en óhætt er að álykta að Reykjaneseldar á 13. öld hafi haft mikil áhrif, a.m.k. á Reykjanesi og þróun svæðisins. Á 14. öld fór hins vegar eftirspurn eftir sjávarfangi vaxandi og ekki ósennilegt að sú þróun hafi haft jákvæð áhrif á svæðið (Jón Þ. Þór, 2003, bls. 43-44).

Lögbýlin á Suðrnesjum verða seint álitin gjöful í hefðbundnum skilningi landbúnaðar og þrátt fyrir að ábúendur á lögbýlum hafi verið kallaðir bændur í opinberum skjölum, þá getur sá titill verið villandi. Fyrst og fremst voru þeir útvegsbændur sem byggðu afkomu sína á sjónum og fjörunni. Á landi þeirra voru svo þurrabúðir, oft margar á stærri jörðum, sem sóttu lífsbjörg sína einvörðungu í sjóinn. Það var á slíkum stöðum sem vísir að þéttbýli fór að myndast, yfirleitt kallað hverfi. Þetta fyrirkomulag er einkennandi fyrir Suðurnesin, einkum í Grindavík, Stafnesi og í Höfnum (Jón Þ. Þór, 2003, bls. 46).



Mynd 2. Langeldurinn í Vog. Frá prufuholurannsókn veturinn 2002. (Ljós. BFE).

Á síðmiðöldum og fram yfir 1700 voru flestar jarðir í Höfnum í eigu utansveitarmanna sem hirtu landskuld og leigu af þeim. Þetta fyrirkomulag gerði það að verkum að ágóði af jörðum safnaðist ekki fyrir á svæðinu og í jarðbók 1703 eru flest heimili fátæk og bústofninn lítill. Upp úr 18. öld fóru aðstæður að breytast og bændur að eiga jarðir sínar sjálfir (Jón Þ. Þór, 2003, bls. 85). Í framhaldi af þessari þróun varð mikil bylting á svæðinu og í *Íslenskum sögustöðum* eftir Kristian Kálund er Höfnum á ofanverðri 19. öld list á þessa leið:

Þrátt fyrir það tjón sem sjór og sandur hefur gert ýmsum bæjum í Höfnum, er þessi byggð þó í seinni tíð dæmi um, hvílíka auðlegð hafið getur veitt við góðar aðstæður; hér má aftur sjá veglega bæi bæði á íslenska vísu, timburhús með innréttingum eins og í kaupstöðum, gnægð matar og drykkjar o.s.frv. (Kålund, 1984, bls. 25).

Á Reykjanesi virðist því vera óslitin byggð frá landnámi fram til dagsins í dag. Jafnframt hefur svæðið að geyma heillegustu rústirnar í landi Reykjanesbæjar þar sem nútíma framkvæmdagleði hefur ekki verið jafn mikill þar líkt og í Keflavík og Njarðvíkum.

Keflavík og Njarðvík eru á svæði sem samkvæmt *Landnámu* hefur tilheyrt Steinunni gömlu og hún hafi fengið það í skiptum við Ingólf Arnarsson fyrir kápu. Í *Landnámu* segir: „Steinuðr en gamla, frændkona Ingólfs, fór til Íslands ok var með Ingólfi enn fyrsta vetr. Hann bauð at gefa henni Rosmhvalanes allt fyrir utan Hvassahraun, en hon gaf fyrir heklu flekkóttu ok vildi kaup kalla; henni þótti þat óhættara ríptingum“ (*Íslensk fornrit I*, 1968b, bls. 392).

Elstu ritheimildir um landsvæðið sem fellur undir Reykjanesbæ í dag, eru að finna í Kirknaskrá Páls biskups frá árinu 1200. Þar er kirkjunnar í Vogu á Reykjanesi getið, og er þar átt við kirkjuna í Gamla-Kirkjuvogi, sem var hinum megin Ósanna. Kalmanstjarnar er svo getið í Vilchinsmáldaga frá árinu 1397, en þá er þar komin hálfkirkja (*Íslenzkt fornbréfasafn*, 1897, bls. 106).

Ekki liggur alveg ljóst fyrir hve lengi byggð hefur verið í Innri Njarðvík. Reynt hefur verið að fá botn í málið með því að rýna í ritheimildir, en það er vandkvæðum háð. Löngum hefur verið talið að Njarðvírkirkju sé fyrst getið í máldaga, álitnum vera frá 1269. Rannsóknir hafa þó bent til þess að máldaginn sé mun eldri og hann fjalli um kirkju í Njarðvík eystri, fremur en þá í Gullbringusýslu (Kristján Sveinsson, 1996, bls. 35).

Talað er um *Kirkjunjarðvík* í skrá um hvalskipti í Rosmhvalaneshreppi og líklegt að þarna sé átt við Innri-Njarðvík. Samkvæmt fornbréfasafni er heimildin frá árinu 1270, en einnig hefur verið að því líkum leitt að hún sé enn eldri (Kristján Sveinsson, 1996, bls. 36). Í skránni er sagt frá því hvernig hvalreka er útteilt úr fjörunni frá Esju-eða Æsubergi í Ósum til Keflavíkur á móts við Njarðvík og að fjörunni sé skipt niður í níu hluta (*Íslenzkt fornbréfasafn*, 1888, bls. 78). Samkvæmt skránni tekur Kirkjunjarðvík einn slíkan hlut á móti Býarskerjum. Kristján Sveinsson höfundur *Sögu Njarðvíkur* segir að honum hafi ekki tekist að finna nokkuð sem bendi til eigendatengsla á milli Njarðvíkur og Býarskerja. Af þeim sökum telur hann ólíklegt

að jarðirnar hafi átt saman reka og leggur fram þá tilgátu í bókinni að í upphaflega handritinu hafi ekki staðið „Kirkjunjarðvík“ heldur „kirkja í Njarðvík“ og að hún hafi átt ítak í hvalreka Býjarskerja. Hvernig svo sem heimildin er túlkuð þá er hægt að draga þá ályktun að kirkja hafi verið í Innri – Njarðvík a.m.k. á 13. öld. Kirkjunnar er fyrst getið svo óyggjandi sé í Vilchinsmáldaga frá 1397 (*Íslenzkt fornbréfasafn*, 1897, bls. 106).

Keflavík kemur fyrst fyrir í heimildum í skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi frá árinu 1270, þar sem segir frá því að Hólmur eigi reka við í Keflavík til móts við Njarðvík (*Íslenzkt fornbréfasafn*, 1888, bls. 76). Keflavíkur er fyrst getið í jarðabók frá 1597, þar sem jörðin er metin á $4\frac{1}{6}$ hundruð (Bjarni Guðmarsson, 1992, bls. 11). Jörðin var landrýr, heimaland tæplega einn kýrvöllur og eins og annars staðar á Suðurnesjum var vatnsbólið með versta móti (Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1932-1924, bls. 105.).

Verslun á sér langa sögu í Keflavík og heimildir geta þess að þangað hafi Þjóðverjar sótt (*Íslenzkt fornbréfasafn*, 1923-1932, bls. 578), auk þess sem örnefni á við Þýskravör beri þess vitni. Einnig benda heimildir til þess að Englendingar hafi stundað verslun í Keflavík. Árið 1579 fengu Hansakaupmenn verslunarleyfi í Keflavík, en það breyttist eftir 1620 þegar að einokun danskra kaupmanna hófst á Ísland (Jón Böðvarsson, 1987, bls. 71-75). Í *Íslenskum sögustöðum* eftir Kálund segir að framan við Hólmsberg sé hólmi þar sem eigi að sjást minjar verslunarbúða Hansakaupmanna (Kálund, 1984, bls. 23). Enginn hólmi er nú undan Keflavík og bendir Kristján Sveinsson á í *Sögu Njarðvíkur* að líklegast sé hér um að ræða Leiruhólma sem liggur fram undana Hólmi í Leiru.

Það var svo ekki fyrr en árið 1766 að þorp fer að myndast í kjölfar þeirrar ákvörðunar að einokunarkaupmenn skyldu hafa fasta búsetu í sex höfnum á Íslandi, en Keflavík var ein þeirra (Bjarni Guðmarsson, 1992, bls. 22). Í framhaldi af því fór mynd að komast á þorpið og húsum að fjölga. Slíkt gerðist þó ekki í einni svipan heldur tók það nokkra áratugi. Þessi mótunarár Keflavíkur voru íbúar hennar flestir af dönsku bergi brotnir og allir tengdir versluninni á einn eða annan hátt (Bjarni Guðmarsson, 1992, bls. 29).

Þó svo að verslun hafi sett mikinn svip á svæðið þá var grunnur Keflavíkur, sem og annarra pláss á Suðurnesjum alltaf sá sami – sjósókn. Hvar áherslan lá sést glögglega á búnaðarskýrslu úr Rosmhvalaneshreppi frá árinu 1852 en þar segir að í

Keflavík hafi verið sauðfé 18 og kýr sex. Í sömu skýrslu segir að 20 bátar séu í þorpinu. Í sóknarlýsingu Njarðvíkur frá 1840 sést þessi áhersla vel:

Bjarðgræðisvegur er mest og bezt sjávarafli, hann er og framar öðru stundaður. Búfénaður er yfir höfð lítt ræktaður, þar hey eru ekki utan litlar töður til gjafar á vetrum, og því útigangsskepnur í fári, þá fjörur leggja af ísum og tekur fyrir jörð í heiðinni (Pétur Jónsson, 1937, bls. 190-191).

7 Helstu minjasvæði

Það eru nokkur svæði í landi Reykjanesbæjar sem athyglisverðar minjar liggja þéttar en annars staðar. Þessi svæði eru tilvalin til frekari verndunar og hentug til að koma á framfæri upplýsingum til almennings varðandi sögu svæðisins. Þetta væri t.a.m. hægt með upplýsingaskiltum.



Mynd 3. Smiðjan í Kotvogi. (Ljós. SSE).

– Hafnir og Innri Njarðvík

Að koma slíkum upplýsingum á framfæri væri mjög auðveldlega hægt í Innri Njarðvík og í Höfnum, þar sem talsvert er af fornleifum inn í byggð og því auðvelt fyrir fólk að nálgast þær. Til dæmis er svæðið S og SV við Hafnir einkar áhugavert, þar sem rústir bæja og útihúsa frá 19. öld og fyrri hluta þeirrar 20. liggja óraskaðar þrátt fyrir nálægð sína við yngri byggð. Að öllum líkindum liggja þar einnig faldar mun eldri rústir. Annað slíkt svæði er að finna við tjörnina í Innri – Njarðvík. Bæjarrústir Ólafsvalla (79:1) og Hólmfastskots (80:1) eru þar að finna, ásamt fallegum gerðum, stórum öskuhaug og vel varðveittum brunni. Rústirnar eru heillegar og umhverfið er snoturt.

– *Merkines*

Merkines er það svæði sem er hvað þéttast af fornleifum og eru 33 rústir skráðar á jörðinni. Af þeim fornleifum ber hæst brunnur jarðarinnar (22:2 í fornleifaskrá) sem er af fágætri gerð. Af sömu gerð er brunnurinn á Reykjanesi (52:22), en báðir eru vel varðveittir og fallegir og eru auk þess tveir af aðeins nokkrum brunnum á landinu af þessari gerð sem varðveist hafa. Einkum virðist þessi gerð brunna hafa verið notuð á Snæfellsnesi. Það sem er einstakt við slíka brunna er að gengið er niður í þá um göng. Steintröppur liggja niður að brunninum á Merkinesi, en ekki er hægt að sjá hvort um slíkt hið sama sé að ræða á Reykjanesi vegna þess hve gróinn botninn er. Báðir hafa þeir verið með brunnhúsi (göngin eru hluti af því) með



Mynd 4. Brunnurinn á Merkinesi. (Ljós. SSE).

yfirbyggingu og enn má sjá leifar yfirbyggingarinnar á brunninum á Reykjanesi. Brunnurinn á Merkinesi er að öllum líkindum nokkuð forn, en hversu gamall hann kann að vera er erfitt að segja til um. Sá á Reykjanesi er nokkuð ungur og líklegast gerður á svipuðum tíma og fyrsti vitinn eða árið 1878. Kannski er enn ekki kominn tími til að vernda hann frekar, en sá á Merkinesi á fullt erindi á friðlýsingarská.

– *Eyðibýlin norðan við Hafnaberg*

Norðan við Hafnaberg er að finna byggð sem fór í eyði að mestu leyti á 17. öld og myndarlegir bæjarhólar á svæðinu bera þess vott að betri tímar hafi eihverntíman ríkt þar, þó nú sé svæðið nær gjörblásið. Svæðið sem heild hefur hátt minja- og varðveislugildi, en hver afmörkun þess í ríminu er nákvæmlega er ekki auðsvarað og verður að kanna frekar.

Kirkjuhöfn, Litla- og Stóra - Sandhöfn (34:1, 36:1-2) voru samkvæmt heimildum stöndugir bæir framan af en lögðust í eyði á 17. öld sökum landeyðingar. Landið þar sem bæirnir hafa staðið er í dag gjörblásið og sýnir vel hve grátt Reykjaneseldar hafa leikið þennan landshluta og gera enn. Fyrir utan hina miklu bæjarhóla eru mímargar

rústir á svæðinu, frá hinum ýmsu tímum. Eftir að bæirnir lögðust af féll landið undir Kalmanstjörn og var nýtt af þeim.

Einnig er þarna að finna minjar bæjarins Eyri sem fór í eyði á 18.-19. öld og Stekkjarhóls sem einnig er bæjarhóll, þó nokkuð minni en hinir þrír. Landeyðingin sem átti sér stað í kjölfar Reykjaneselda hefur enn gríðarleg áhrif tæpum 800 árum seinna og teygir hún sig allt til Hafna. En þrátt fyrir hve illa leikið svæðið er vegna uppblásturs þá hefur ekki enn tekist að eyða bæjarhólunum sem enn standa grösugir mitt í auðninni. Staðurinn segir mikið um bæði baráttuna við náttúruna á Suðurnesjum og nýtingu fólks á henni, og er einkar áhugaverður bæði í ljósi fornleifafræðinnar, sem og jarðfræðinnar.



Mynd 5. Bæjarhóll Kirkjuhafnar (34:1 í fornleifaskrá). (Ljós. SSE).

Um bæina segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín:

Sandhöfn. Eyðijörð, hefur óbygð legið hjer um í 50 ár. Er kóns eign. Landskuld á þeim seinustu árum, sem jörðin var í bygð, segja gamlir hafa verið 11 fiska. Kúgildi voru þar þá engin. Þar kunni og þá ekki fódraust fult kúgildi. Nú er allt jarðarinnar land af sandi öldungis eyðilagt og graslaust vorðið, svo óbyggjandi er. Reka hefur jörðin átt norðia til á Reykjanesi í ýmsum stöðum, sem nú (síðan jörðin er eyðilögð) sjer í lagi burt leigjast.

Kyrkju höfn. Eyðijörð, hefur óbygð verið um 40 ár. Jarðardýrleiki þykjast gamlir menn heyrt hafa að verið 30 hundruð, en nú tíundast þetta eyðiland með rekanum fyrir 10 hundruð, so sem væri það þriðjungur úr Gálmatjörn (Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1923-1924, bls. 26).

Hvort að kirkja hafi verið á Kirkjuhöfn er alls óvíst, þó nafnið bendi vissulega til þess að svo hafi verið. Kirkjunnar er ekki getið í heimildum, en sagan segir að bein hafi verið flutt úr kirkjugarðinum á Kirkjuhöfn að Kirkjuvogi þegar kirkjan var lögð af. Samkvæmt Kristnirétti hinum forna, sem varðveittist í *Grágás* varð að flytja bein úr aflögðum kirkjugörðum að næstu alkirkju, þar sem greftranir voru leyfðar (*Grágás*, 1992, bls. 10). Þetta ákvæði er hins vegar horfið í jónsbók sem lögtekin var 1281. Samkvæmt þessu ætti kirkjan því að vera eldri en 1281.

Séra Jón Thorarensen heldur því fram í grein sinni „Um Hafnir í gamla daga“ að kirkja hafi verið á Kirkjuhöfn á 12. og 13. öld, en hún hafi verið aflögð nokkru áður en Vilchin biskup vísiteraði árið 1397, þar sem ekki einu orði er minnst á kirkjuna í máldaga hans. Á þeim tíma var komin hálfkirkja á Kalmanstjörn samkvæmt sama máldaga. Séra Jón getur þess reyndar ekki að ekki er heldur minnst á kirkju á Kirkjuhöfn í kirknaskrá Páls biskups frá árinu 1200. Þar er einungis minnst á eina kirkju á Reykjanesi en hún var í Vági, sem er að öllum líkindum Gamli-Kirkjuvogur (*Íslenskt fornbréfasafn*, 1923-1932, bls. 9). Hugsanlega hefur þó verið hálfkirkja á Kirkjuhöfn á þeim tíma, en hálfkirkjur voru ekki skráðar í Kirknaskrá Páls. Hinn meinti



Mynd 6. Hluti garðsins sem umlykur svæðið norðan við Hafnaberg (35:1 í fornleifaskrá). Slíkur garður getur verið rúmur 1,5 m á hæð (Ljósm. SSE).


jarðardýrleiki upp á 30 hundrum sem segir frá í *Jarðabók*, bendir til burðugs býlis og kirkja á slíkum stað alls ekki ólíkleg.

Bæjarhólarnir eru einstakir í Reykjanesbæ og hugsanlega Suðurnesjum. Líklegast hafa fáir sem engir aðrir bæjarhólar frá þessum tíma varðveist óraskaðir á svæðinu. Það er mörgum spurningum ósvarað varðandi byggð fyrr á öldum á Reykjanesi. Bæjarhólar Kirkjuhafnar og Sandhafna-bæjanna geta svarað mörgum af þeim spurningum. Um þann tíma á Suðurnesjum fram undir 18. öldina er nánast ekkert vitað enda hafa nánast engar heildstæðar fornleifarannsóknir farið fram á svæðinu og alls engar á bæjarstæðum. Þó svo að bæjarhólarnir einir og sér séu mikilvægir og

verðugir friðlýsinga, þá gerir stærra samhengi þeirra og svæðisins í heild þá enn verðmætari en ella.


– *Vogur*

Í tengslum við fornleifaskráningu Reykjaneshæjar voru loftmyndir grandskoðaðar og við slíka könnun á lágflugsmynd af Höfnum kom Bjarni F. Einarsson auga á form í túninu austan við Kirkjuvogskirkju sem benti mjög til þess að þar lægi víkingaaldarskáli. Teknir voru prufuskurðir sem staðfestu þennan grun og C-14 aldursgreining (AMS) gerð á viðarkolasýni sem tekið var úr langeldi hússins. Niðurstöðurnar benda til þess að hér væru um að ræða hús frá 9. öld (Bjarni F. Einarsson, 2004, bls. 13). Því má fullvíst telja að skálinn hafi verið í notkun fyrir árið 900 og því með allra elstu skálum sem við þekkjum á landinu.





Mynd 7. Loftmynd af svæðinu þar sem skálinn og túngarðurinn fundust. Krossar tákna mögulegar rústir á svæðinu. Ljósgræni bletturinn neðst á myndinni gæti verið kelda/vatnsból (Loftmynd: Hnit hf. Viðb.: BFE).

Þótt ótrúlegt megi virðast þá hefur þetta forna bæjarstæði fengið að liggja að mestu óáreitt í miðjum byggðarkjarna í mörg hundruð ár. Af þeim sökum liggja líklegast aðrar rústir óraskaðar enn ófundnar á svæðinu og er því mjög mikilvægt að við engu sé þar hróflað. Svæðið er í mikilli hættu vegna ábúðar og hér er sérstaklega brýnt að öryggi rústanna sé tryggt með friðlýsingu.



Mynd 8. Niðurstaða C-14 aldursgreiningarinnar leiðrétt. Viðurinn er með 95% öryggi frá tímabilinu 690 – 900 AD (e.Kr). Miðgildið er 790 AD. Með 68% öryggi er viðurinn frá tímabilinu 770 – 880 AD. Allt bendir því til þess að skálinn sé eldri en 900 AD.



Mynd 9 og 10. Myndin til vinstri sýnir segulmæling af Vogu og nánasta umhverfi. Til hægri má sjá túlkun niðurstaðna jarðsjármælinganna. Grænt sýnir rústir, appelsínurautt sýnir hugsanlegar rústir, rautt og blátt sýnir sennilega grjótt eða grjóthleðslur. Mælingar: Tim Horsley, Bradford University..



Mynd 11. Varða 208:28 við Skipsstíg. (Ljós. SSE).



Mynd 12. Varða 48:17 við Hafnaveg. (Ljós. SSE).

– *Fornleiðir*

Enn þann dag í dag setja vörður fornleiða svip sinn á landslagið á Suðurnesjum og bera vitni horfinna samgönguhátta. Leiðirnar sem liggja á milli bæja og hreppa á Suðurnesjum eru mjög merkilegur vitnisburður um það hvernig fólk hreyfði sig í landi sem var erfitt yfirferðar og hvernig samskiptum á milli plássanna var háttað. Sú fornleið í landi Reykjanesbæjar sem er líklegast elst er Skipsstígur sem lá frá Njarðvík til Grindavíkur. Varðandi nafngiftina á Skipsstíg er hún útskýrð á þessa leið í örnefnaskrá Járngerðastaða: „Á Gerðavöllum er allt fullt af gördum. Þeir eru hlaðnir á tvo vegu við vellina og eiga að vera eftir Junkarana en þeir réru til skiptis eftir veðri úr Grindavík og Höfnum (Njarðvíkum) eftir því sem sögurnar segja. Fóru þeir með skipin á milli og hét þar **Skipsstígur**“ (Örnefnaskrá Járngerðastaða 1, bls. 3). Leiðin er að öllum líkindum forn eins og sorfnar rásirnar í hraunhellurnar benda til, og ekki hefur verið krukkað mikið við vörðurnar í seinni tíð og þær endurhlaðnar eins og á t.d. Prestastíg. Leiðin er rofin við námusvæði Súlna og Stapafells en er annars mjög heilleg. Friðlýsa þyrfti að sjálfsögðu alla leiðina frá Njarðvík að Grindavík. Því yrðu bæði sveitarfélögin, Grindavík og Reykjanesbær að koma að málinu, auk Fornleifaverndar ríkisins.

– *Strandlínan og minjar sem snúa að sjósókn*

Nánast öll strandlínan við byggð í Reykjanesbæ hefur að geyma minjar sem snúa að sjósókn og er einn mikilvægasti minjastaður Suðurnesja. Útgerð er sá vettvangur sem mótað hefur byggðarlög Reykjanesbæjar einna mest í gegnum tíðina og eru minjar hennar sem eiga hvað helst undir högg að sækja um þessar mundir og mikið orðið undir í framkvæmdum síðastliðinna ára og áratuga. Í Reykjanesbæ er þessi þróun sérstaklega áberandi í Keflavík og Njarðvík, þar sem gerð landfyllinga og varnargarða hefur verið hvað mest í sveitarfélaginu. Nokkrar slíkar fornleifar eru þó eftir í Innri – Njarðvík og á Reykjanesi. Háakotsvör í Innri – Njarðvík er einkar falleg og vel farin vör sem vert er að varðveita. Eins er Kalmanstjarnarvör gott dæmi um fornleifar sem ber að friðlýsa, þar sem stærra samhengi hennar, bæjarstæðið og nánasta umhverfi er enn nokkuð óspillt af nútímanum. Hugsanlega mætti því friðlýsa stærra svæði þar en það sem lítur að vörinni.

Sjóbúðir á Suðurnesjum eru hverfandi líkt og annað sem snýr að sjósókn. Þær fyrirfinnast þó enn og þ.á.m. eru tvær slíkar á Merkinesi. Rústirnar eru mjög heillegar og fallegar, enda ekki ýkja gamlar og hafa verið notaðar fram á 20. öld. Friðlýsing svo

ungra rústa er kannski óvenjuleg, en það er það sem þær standa fyrir sem ber að varðveita, fremur en að þessar tilteknu rústir séu svo sérstakar. Þess má einnig geta að íhaldsemi Íslendinga varð til þess að byggingastílar- og aðferðir héldust óbreytt í hundruðir ára. Því geta þessar rústir vel staðið fyrir dæmigerðar sjóbúðir á Suðurnesjum. Ekki er heldur hægt að útiloka að þær standi á eldri leifum sjóbúða og því gæti sú saga sem er falin í jörðu verið býsna löng.



Mynd 13. Hákotsvör í Innri – Njarðvík (138:1 í fornleifaskrá) (Ljós. BFE).



Mynd 14. Kalmanstjarnarvör á Reykjanesi (29:7 í fornleifaskrá) (Ljós. SSE).



Mynd 15. Sjóbúð á Merkinesi (nr. 22:5 í fornleifaskrá) (Ljósm. SSE).



Mynd 16. Sjóbúð á Merkinesi (nr. 22:4 í fornleifaskrá) (Ljósm. SSE).

– *Sel og selstöður*

Einhverjar áhugaverðustu fornleifar í landi Reykjanesbæjar eru þær fimm selstöður sem þar eru að finna. Þær eru: Sel við Seltjörn (112:1-2), Kirkjuvogssel (201:1-8), Merkinessel eldra (203:1-2), Merkinessel yngra (204:1-7) og Möngusel (202:1-8). Þetta er þó líklega ekki tæmandi listi yfir þær selstöður sem er að finna í landi Reykjanesbæjar.



Mynd 17. Merkinessel yngra (204:4) (ljósm. SEC).

Til að mynda er ekki vitað um hvar var haft í seli frá Kalmanstjörn og heimildir geta þess ekki, að undanskilinni *Jarðabók Árna og Páls*, en þar segir einungis: „Selstöðu hefur jörðin átt sem nú er að mestu eyðilögð fyrir sandi, og verður því valla eður ekki brúkuð, og er augljóst að snart muni hún að öngvu liði verða“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1923-1924, bls. 27). Einnig verður að teljast líklegt að haft hafi verið í seli frá Kirkjuhöfn og Sandhafnarbæjunum, þó heimildir geti þeirra ekki.

Afar lítið er vitað um selin á Reykjanesi og eins og um Kalmanstjarnarsel er þeirra ekki getið í heimildum að *Jarðabók* undanskilinni. Þar segir um Merkinessel að vatnsból séu slæm og selstaðan sé mjög haglítil. Þíða verði snjó fyrir búfenað og á sumrin þegar hann bregðist sé ekki vært í selinu (Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1923-1924, bls. 29). Í *Jarðabók* segir einnig frá Kirkjuvogseli og þar virðist staðan


vera nánast jafn slæm og í Merkinesseli þegar kemur að vatnsbólum. Kirkjuvogssel var þó nær byggð sem hefur hjálpað. Um það segir: „Selstaða ei allfjarri. Mjög haglítill. En vatnsból í selinu mjög erfitt, so að á hestum þarf til að flytja um hásumar“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1923-1924, bls. 31).

Upp úr 17. öld fór seljum að fækka og reynt var að stöðva þá þróun með því að skylda bændur að hafa búpening sinn í seljum, en ætlunin með því var að hlífa heimhögunum. Þessi áætlun gekk ekki upp eins og til var ætlast og lagðist seljabúskapur af hægt og bítandi á 19. öld (Þorvaldur Thoroddsen 1919:220).

Fjölmargar selstöður eru á Reykjanesskaga, en aðeins ein þeirra hefur verið rannsökuð lítillga, en það var prufuholurannsókn í Fornaseli sem er um 2 km suður af Straumsvík. Rannsóknin var gerð af Fornleifafræðistofunni. Viðarkolasýni voru tekin úr elsta gólfi eins húss selsins og aldursgreind með C-14 aldursgreiningu (AMS). Með 95% öryggi reyndist aldur selsins vera frá tímabilinu 1430 – 1530 og eða 1550 - 1630 (Bjarni F. Einarsson, 2001, bls. 10 og 17).

Talið er að haft hafi verið í seljum á Íslandi allt frá landnámi. Seljabúskapur var stundaður í Skandinavíu frá yngri járnöld (600-1050 e. Kr.) og talið er líklegt að landnámsfólk Íslands hafi flutt þann sið með sér til landsins (Magnus, 1983, bls. 96). Engar minjar hafa fundist hérlandis sem styðja þá kenningu, en fornleifarannsóknir í Argisbrekku í Færeyjum renna undir hana stoðum. Þar var því lengi haldið fram að seljabúskapur hafi ekki verið stundaður á eyjunum. Sú skoðun kollvarpaðist á 9. áratug síðustu aldar þegar í ljós komu áður óþekktar seljarústir við Eydisvatn á Eysturoy (Bjarni F. Einarsson, 2001, bls. 10). Þær rústir eru frá 10. öld og eru nokkuð frábrugðnar þeim seljum sem við þekkjum frá Íslandi. Erfitt er þó að segja nokkuð til um það, þar sem afar lítið er vitað um þróun húsagerðar selja á Íslandi vegna þess að engin heildstæð rannsókn hefur verið gerð á seli hérlandis. Einungis hafa farið fram nokkrar prufuholurannsóknir (sjá t.d. Guðrún Sveinbjarnardóttir, 2008).

Mjög athyglisvert væri að fara út í rannsóknir á seljum á Reykjanesi, en þar eru margir möguleikar í boði. Uppgröftur er ákjósanlegasta aðferðin og gefur mestar upplýsingar en sá galli er á gjöf Njarðar að uppgröftur er mjög kostnaðarsöm leið. Prufuholurannsókn er önnur leið og þá væri markmiðið að ná í viðarkolasýni til að aldursgreina selin. Enn önnur nálgun væri nákvæm mæling og uppdráttur af seljunum (sjá t.d. Kristján Mímisson og Sandra Sif Einarsdóttir, 2004). Í öllu falli er mikilvægt að vernda þau til hins ítrasta og það er best gert með friðlýsingu.



Mynd 18. Eitt rýma Kotvogs. (Ljósm. SSE).

– *Kotvogur*

Að lokum verður hér nefndur Kotvogur, sem hentar ekki til friðlýsingar en er þeim mun betur fallinn að uppgerð og endurbyggingu. Byggðin í Höfnum hefur að geyma alls kyns hús – allt frá 19. öld og til húsa frá síðustu áratugum 20. aldar, að ógleymdum ofangreindum víkingaskála. Þetta mynstur kristallast í bæjarhúsum Kotvogs, en þar var búið fram yfir 1980. Kotvogur var eitt af stórbýlum Kirkjuvogshverfis á 19. öld og fram eftir þeirri 20., en undan því fór að halla eftir mikinn eldsvoða árið 1939, þar sem þrír létu lífið (Jón Þ. Þór, 2003, bls. 199). Elstu hlutar þess eru vel farnir,

uppistandandi og gefa góða mynd af íslenskum byggingarháttum á 19. öld. Bæjarstæðið hefur lítið sem ekkert verið rofið af yngri húsum. Það er því nánast heilt með brunni og tröðum, auk þess sem hluti gamla vegakerfis Kirkjuvogshverfis hefur haldið sér í túninu. Uppbygging og endurbætur á húsunum væru svæðinu til mikillar prýði.

8 Tillögur að friðlýsingum

Við framkvæmd fornleifaskráningarinnar var augljóst að sum svæði voru heillegri en önnur, eins og komið hefur fram í yfirferðinni hér að framan. Það voru þó einstaka svæði og rústir sem greinilega vógu þyngra þegar kom að minja- og varðveislugildi. Hluti af markmiðum Reykjanesbæjar í Staðardagská 21 er, eins og kom fram hér að ofan, að vernda mikilvægar búsetuminjar. Besta aðferðin til verndurnar fornleifa er að friðlýsa þær en samkvæmt 11. gr. *Þjóðminjalaga* segir:

Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skulu friðlýstar. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfelld svæði, minjasvæði, þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi... Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram. Fornleifavernd ríkisins getur afturkallað friðlýsingu og skal afturköllunin auglýst með sama hætti og friðlýsingin (*Þjóðminjalög*, 2001, 11. gr).

Þeir staðir sem talið er mikilvægast að friðlýsa sem fyrst samkvæmt mati undirritaðra eru:

- Brunnurinn á Merkinesi
- Bæjarhólarnir norðan við Hafnaberg
- Hákotsvör, Kalmanstjarnarvör og sjóbúðirnar á Merkinesi
- Selin
- Skipsstígur
- Víkingaskálinn Vogur, túngarður hans og nærliggjandi svæði

Hér er aðeins um að ræða tillögur að friðlýsinum, en slík framkvæmd væri samvinnuverkefni Fornleifaverndar ríkisins og Reykjanesbæjar.

9 Niðurstöður

Í landi Reykjanesbæjar eru samkvæmt fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar 913 fornleifar. Þetta er umtalsverður fjöldi, en þegar litið er nánar á hvers kyns fornleifarnar eru verður augljóst að þessi mikli fjöldi ræðst aðeins af einni tegund fornleifa – varða. Þær eru 407 í bæjarlandinu eru því tæpur helmingur af öllum fornleifum í Reykjanesbæ.

Eins og kom fram hér að framan þá setja vörðurnar mikinn svip á sveitarfélagið, sem er ekki að undra miðað við fjöldann. Þær voru mjög mikilvægur hluti af lífi fólks og veittu mikið öryggi í samgöngum hér áður fyrr. Landslag í Reykjanesbæ og nágrannasveitarfélaga er á köflum erfitt yfirferðar, úfið hraun og djúpar gjótur hafa ruglað margan ferðalanginn og gleypt hann með húð og hári. Landslagið er á köflum einsleitt og auðvelt að villast af leið og að auki er þar allra veðra von. Þessar aðstæður gerðu vörðurnar að nauðsynlegu tæki fyrir ferðafólk til að komast óhult á áfangastað. Víða má þó lesa í Suðurnesjaánnál þar sem fólki tókst ekki að komast á milli staða og varð úti (Jón Thorarensen 1929 – 1961).

Annað sem einkennir fornleifar Reykjanesbæjar er að þær eru ekki minjar hefðbundins landbúnaðarsamfélags eins og víðast hvar annars staðar á landinu, heldur eru þær að mestu leyti útvegsminjar, sökum þess að það var sjósókn sem öllu réði á Suðurnesjum. Öll býli á því svæði sem nú fellur undir Reykjanesbæ hafa verið útvegsbýli, enda er landið þar illa fallið til hefðbundins landbúnaðar. Þessar minjar fara nú ört fækkandi, en enn eru stór svæði með heillegum minjum eftir á Reykjanesi. Ekki verður nógu mikil áhersla lögð á það að vernda þau svæði sem eftir standa öröskuð.

Þróun síðastliðinna áratuga í framkvæmdum og búsetu hefur varðveitt mikilvægasta minjasvæði Reykjanesbæjar er það er Reykjanesið sjálft. Þar hafa framkvæmdir ekki verið jafn viðamiklar og annars staðar í bæjarlandinu, og hafa í raun ekki verið það frá miðri síðustu öld. Þessi þróun sést vel í eftirfarandi töflu.

	Fjöldi fornleifa	%
Hafnir	655	72%
Innri Njarðvík	186	20%
Keflavík	54	6%
Ytri Njarðvík	18	2%
	913	100%

Tafla 1. Yfirlit yfir hvernig fornleifar dreifast á milli hverfa Reykjanesbæjar.

Þessi þróun er ekki í samræmi við síðustu aldir á undan þar sem Hafnir voru eitt af auðugustu plássunum á Suðurnesjum og í örum vexti. Sú breyting sem hefur orðið á högum þess er hagstæð út frá sjónarhóli fornleifafræðinnar, þó hún sé vissulega sorgleg að mörgu leyti. Þarna getum við rakið sögu Suðurnesja allt frá landnámsöld til miðalda og til dagsins í dag. Slík svæði eru ekki á hverju strái og hvort að svæðið haldist áfram eins heillegt og raun ber vitni ræðst af því hvernig haldið er á spilunum þegar kemur að verndun þeirra. Um er að ræða kjörið svæði til fræðslu og útivistar fyrir almenning. Verndun fornleifa fæst að miklu leyti með fræðslu og Reykjanesið og fornleifar þess eru kjörinn vettvangur til þess.

10 Heimildir

- Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1923-1924). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- Bjarni F. Einarsson. (2001). *Fornasel. Prufuholugröftur í seljarústir suður af Straumsvík*. Óútgefin skýrsla: Fornleifafræðistofan.
- Bjarni F. Einarsson. (2004). *Vogur: Landnámsminjar í Höfnum í Reykjanesbæ*. Endurbætt útgáfa. Óútgefin skýrsla: Fornleifafræðistofan.
- Bjarni F. Einarsson. (2007). Minjavernd er umhverfisvernd. *Eldjárn 2007:1*. Reykjavík: Kuml, félag fornleifafræðinema í Háskóla Íslands.
- Bjarni Guðmarsson. (1992). *Saga Keflavíkur 1766-1890*. Keflavík: Keflavíkurbær.
- Bruntland, Gro Harlem. (1990). *Sameiginleg framtíð okkar: ágríp úr skýrslu Alþjóðanefndar Sameinuðu þjóðanna um umhverfis- og þróunarmál 1987* (Auður Sveinsdóttir og Einar Valur Ingimundarson þýddu). Reykjavík: Landvernd.
- Guðrún Sveinbjarnardóttir. (1991). Shielings in Iceland: An Archaeological and Historical Survey. *Acta Archeologica*. Vol. 61 – 1990, bls. 73-96.
- Guðrún Sveinbjarnardóttir. (2008). Shielings in Iceland revisited: a new project. Í Caroline Paulen og Helgi D. Michelsen (ritstj.), *Símunarbók: Heiðursrit til Símun V. Arge á 60 ára degnum 5. september 2008*, bls. 222-231. Þórshöfn: Fróðskapur – Faroe University Press.
- Grágás. (1992). Lagasafn íslenska þjóðveldisins. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík: Mál og menning.
- Jón Thorarensen. (1929-1921). *Rauðskinna*. Reykjavík.
- Jón Þ. Þór. (2003). *Hafnir á Reykjanesi Saga byggðar og mannlífs í ellefu hundruð ár*. Reykjanesbær: Reykjanesbær.
- Íslenskt fornbréfasafn*. (1888). II. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslenskt fornbréfasafn*. (1897). IV. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslenskt fornbréfasafn*. (1923-1932). XII. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Íslensk fornrit*. (1968a). Íslendingabók. Landnámabók. I. bindi. Fyrri hluti. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

- Íslensk fornrit.* (1968b). Íslendingabók. Landnámabók. II. bindi. Fyrri hluti. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Kristján Mímisson og Sandra Sif Einarsdóttir. (2005). *Heiðarbylin. Skráning og uppmæling fornminja á heiðunum á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu*. Óútgefin skýrsla: Fornleifafræðistofan.
- Kristján Sveinsson. (1996). *Saga Njarðvíkur*. Reykjavík: Þjóðsaga.
- Magnus, Bente. (1983). Seterdrift i Vest-Norge i yngre jernalder? En foreløpig rapport om en undersøkelse. Í Guðmundur Ólafsson (ritstj.), *Hus, gård och bebyggelse. Föredrag från det XVI nordiska arkeologmötet, Island 1982*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Pétur Jónsson. (1937). Njarðvíkur- og Kálfatjarnarsóknir 1840. *Landnám Íslands. Safn til sögu þess III. 1. Sýslu- og sóknarlýsingar*. Reykjavík: Ingólfur.
- Reykjanesbær. (2001). „Staðardagskrá 21: Umhverfisáætlun Reykjanesbæjar“. <http://www.reykjanesbaer.is/upload/files/stadardagskra21.pdf>
- Þorvaldur Thoroddsen. (1919). *Lýsing Íslands*. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn.

11 Loftmyndir

12Fornleifaskrá